



**Fundargerð 92. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH),
þann 16. febrúar 2023, kl. 15:00-17:35 (á staðnum og á Teams)**

Fundinn sátu: Hólmfríður Sveinsdóttir (rektor), Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Róbert Smári Gunnarsson (fulltrúi nemanda), Lilja Sigurlína Pálmadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð. Einnig sátu fundinn: Edda Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri skólans og Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri Ferðamáladeilda.

1. Drög að **dagskrá** voru samþykkt.

2. **Fundargerðir** 90. og 91. fundar voru lagðar fram til samþykktar, sem var gert án athugasemda.

3. **Rekstur** / Edda kynnir rekstrarniðurstöðu 2022.

Gert er ráð fyrir að árið 2022 fari um 13,5 millj.kr fram úr áætlun.

Rekstraráætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir 960.624.000.kr. útgjöldum. Framlag ríkis er 584,842.000 kr. Áætlaðar sértekjur deilda: Ferðamáladeild 42,5 millj.kr. Fiskeldis- og fiskalíffræðideild 240 millj.kr. Hestafræðideild 45 millj.kr. Miðlæg stjórnsýsla 48 millj.kr.

Rektor greindi frá því að ferðaþjónustan, sem rekin var á Hólum þar til Hjaltadalur ferðaþjónusta ehf. tók við rekstrinum, skuldar enn 37 millj.kr. Þar af eru opinber gjöld um 10 millj.kr. en skuldeimta þeirra hefur verið stöðvuð hjá sýslumanni. Aðrar skuldir sem tengjast skóla og Nemendagörðum eru í vinnslu hjá ráðuneytinu.

4. **Húsnæðismál.** Edda kynnti stöðuna.

Aðalbygging. Verkinu verður skipt upp í þrjá fasa. Útboðsgögn ættu að vera til í mars. Verkið verður boðið út og viðgerðir eiga að hefjast sumarið 2023. Gert er ráð fyrir að hægt verði að vinna á neðri hæðum á meðan viðgerð fer fram, sem Guðrún bendir á að sé mikil bjartsýni.

1. fasi hefst í sumar og felst í lagfæringum á þaki og á fjórðu hæð.

2. fasi felst í klæðningu á útveggjum sem áætlað er að fari fram árið 2024.

3. fasi felst í uppsetningu á loftræstibúnaði.

Vilyrði hefur fengist hjá skipulagsnefnd Skagafjarðar um lóð fyrir hús Fiskeldis- og fiskalíffræðideilda við Borgarsíðu á Sauðárkróki og eru komnar teikningar af svokölluðu Frumhúsi, að stærð 5-600 m² sem er stálgrindahús og verður notað sem geymsla og kælírymi. Kostnaðaráætlun þess er upp á 120 millj.kr. Ætlað er að það verði komið upp í lok árs 2023. Skýrsla um nýbyggingu 5000 m² húsnæðis sem áætlað er að kosti 1,5-2 milljarða kr. er á leið til ráðuneytisins. Ákvörðun um nýbygginguna verður tekin í árslok 2023. Jón lagði áherslu á vandaðan undirbúning framkvæmda og að leitað verði eftir nánu samstarfi við sveitarfélagið um uppbygginguna. Varðandi sjótöku benti hann á að á sínum tíma þegar FISK-Seafood hýsti deildina hefðu veitur sveitarfélagsins séð um virkjun og lagnir heim að húsi og skólinn síðan greitt fyrir afnotin. Taldi hann eðlilegt að kannað yrði hvort ekki væri hægt að hafa sama fyrirkomulag nú.

5. **Starfsmannamál.** Baldvin Bjarki Baldvinsson hefur verið ráðinn staðarumsjónarmaður og hefur störf 3. mars n.k.

6. **Starfsemin.** Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamáladeildar fór yfir verkefni deildarinnar. Hún sagði að vegna áhrifa af Covid-heimsfaraldri þekktu margir nemendur ekki lengur staðinn og þess vegna hefði tengslanetið verið orðið fremur lauslegt. Þess vegna er nú lögð áhersla á að vinna vel með staðarlotur til að gera þær meira spennandi með samveru nemenda, kennara og starfsmanna og það hefði mælst vel fyrir. Fastir kennarar við deildina nú eru tíu, auk nokkurra stundarkennara. Um þessar mundir er unnið að stefnumótun og innri gæðaúttekt fyrir deildina. Styrkumsóknir til að afla sértekna taka alltaf tímann sinn en rannsóknarfé til rannsókna í ferðamálum er að öllu jöfnu takmarkað og þarf jafnvel að sækja það til útlanda. Uppbygging nýrra námsleiða er stöðugt í vinnslu til að efla deildina, s.s. meistaranám í útivistarfræðum (Norfri) og ný námslína sem kennd verður á ensku og er hugsað sem diplománám fyrir erlenda starfsmenn í ferðaþjónustu. Hún greindi einnig frá væntanlegu samstafi deildarinnar við Thompson Rivers University í Kamloops, BC, Kanada um nýja námslínu í ævintýraferðamennsku. Um endurmenntunarnám er að ræða, sem kennt verður á ensku, og mun meira og minna snúast um útivist. Þá nefndi hún að áhugi væri fyrir því í deildinni að stofna rannsóknasetur um ábyrga ferðaþjónustu, einkum út frá sjálfbærni.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild fékk rannsóknastyrk frá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) til rannsóknaverkefnisins „Þroskun persónuleika hjá bleikju“. Það verkefni miðar að því að skoða þroskaferil ólíkra persónuleikabátta hjá bleikju og ferlana sem liggja þar að baki. David Benhaïm, prófessor við deildina leiðir þetta verkefni í samvinnu við Paul Debes (HH), Katharinu Bremer (HH), Zophonías Jónsson (HÍ) og Violaine Colson (hjá INRAE í Frakklandi).

7. Önnur mál.

Unnið er að uppfærslu á reglum um framgang akademískra starfsmanna að beiðni Háskóla Íslands en matið er unnin í gegnum HÍ. Nýjar reglur verða bornar undir háskólaráð seinna.

Merki skólans. Lilja ræddi við Guðmund Odd Magnússon (Godd) sem er höfundur núverandi Hólamerkis um hvort mætti breyta því hans vegna og var hann áhugasamur um það. Hann mælti með að í það yrði valinn litur sem gengur undir nafninu British Racing Green, dökkur grænn litur, í stað litanna sem í því eru.



Jafnaunavottun. Ytri úttekt var gerð 7. febrúar og gekk vel.

Rektor og framkvæmdastjóri hittu þingflokk sjálfstæðisflokksins þegar fulltrúar hans heimsóttu Skagafjörð og ræddu málefni skólans.